

Pessu til staðfestu hafa undirritaðir sem til þess hafa fullt umboð undirritað samning þennan.

Til bekræftelse heraf har undertegnede befuldmægtigede repræsentanter undertegnet denne aftale.

Gjört í Kaupmannahöfn hinn 5. mars 1981 í einu eintaki á íslensku, dönsku, finnsku, norsku og sænsku og skulu allir textar jafngildir. Samningurinn skal varðveittur hjá ríkisstjórn Danmerkur.

Undertegnet i København den 5. marts 1981 på dansk, finsk, islandsk, norsk og svensk, hvilke tekster skal tillægges lige gyldighed, i et eksemplar, som skal deponeres hos den danske regering.

Staðfest endurrit skal ríkisstjórn Danmerkur senda ríkisstjórnnum hinna aðildarríkjanna.

Bekræftede afskrifter skal af den danske regering tilstilles de øvrige kontraherende regeringer.

AUGLÝSING

um uppsögn samnings um fiskveiðar á norðausturhluta Atlantshafs.

Hinn 9. mars 1981 var breska utanríkisráðuneytinu tilkynnt um uppsögn aðildar Íslands að samningi frá 24. janúar 1959 um fiskveiðar á norðausturhluta Atlantshafs (sjá Samninga Íslands við erlend ríki I, nr. 116).

Í samræmi við 17. gr. samningsins miðast uppsögnin við 9. mars 1982. Hinn 1. apríl 1982 falla úr gildi lög nr. 14/1960 um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta ákvæði samningsins öðlast gildi, sbr. 4. gr. laga nr. 68/1981.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 26. júní 1981.

Ólafur Jóhannesson.

Hörður Helgason.

AUGLÝSING

um niðurfellingu samkomulags við Tyrkland um afnám vegabréfsáritana.

Með orðsendingu sendiráðs Íslands í Kaupmannahöfn dags. 16. mars 1981 var tyrkneskum stjórnvöldum tilkynnt um ákvörðun íslenskra stjórnvalda að fella úr gildi til bráðabirgða frá og með 1. maí 1981 samkomulag milli Íslands og Tyrklands frá 28. júní 1955 um afnám vegabréfsáritana, sbr. Samninga Íslands við erlend ríki II, nr. 303. Niðurfelling til bráðabirgða er heimil skv. 6. gr. samkomulagsins.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 26. júní 1981.

Ólafur Jóhannesson.

Hörður Helgason.